



Móttaka nemenda með sérþarfir í Grunnskóla Reyðarfjarðar

Í 9. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 segir:

Auk almennrar móttökuáætlunar samkv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulagi kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrá, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur með sérþarfir við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðila utan skólans.

Brúum bilið:


Samvinna milli leikskólans Lyngholts og Grunnskóla Reyðarfjarðar kallast Brúum bilið. Brúum bilið leitast við að samfella verði milli leik- og grunnskóla með t.d. reglulegum heimsóknum verðandi grunnskólabarna úr leikskólunum yfir í grunnskólann. Elstu leikskólabörnin hafa aðsetur í skólanum og nýta sér jafnframt aðstöðu sem skólinn hefur upp á að bjóða, t.d. bókasafn, sérgreinastofur, matsal, leikvöll og fleira. Að vori hittast sérkennslufulltrúi og deildarstjóri leikskólans, deildarstjóri sérkennslu í grunnskólanum, umsjónarkennari 1. bekkja og skólastjórnandi. Á þessum fundi er farið yfir málefni einstakra nemenda sem eru að hefja nám að hausti. Á fundinum fær skólinn afhentar greiningar og önnur trúnaðargögn hvers barns með vitund foreldra. Farið með allr upplýsingar sem trúnaðarmál.

Samstarf við foreldra:

Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra. Fundir eru haldnir með foreldrum fyrir skólagöngu barnsins og gott samráð er haft um fyrirkomulag kennslu. Reglulegir teymisfundir eru haldnir þar sem umsjónarkennari, deildarstjóri og/eða skólastjórar, foreldrar og þjónustuaðilar utan skólans, þegar við á, hittast og fara yfir stöðu mála. Teymisfundir skal skrá í dagbók barnsins í mentor. Fundargerð skal ávallt gera og setja í persónumöppu barnsins.

Skipulag sérkennslu:

Deildarstjóri sérkennslu er yfirmaður hennar og er hlutverk hans að skipuleggja sérkennslu innan veggja skólans í samráði við skólastjórnendur og umsjónarkennara. Sérkennsla getur verið tímabundin eða út alla skólagöngu barnsins. Um einstaklingamiðað nám er að ræða.

Hugrökku  er ekkert ómögulegt



Grunnskóli Reyðarfjarðar



Sérkennslan fer fram innan bekkjar eða í sérkennslustofu eftir því hvað hentar nemendum best, ýmist í hópum eða einstaklingslega. Sérkennari bekkjarins ber megin ábyrgð á kennslunni og vinnur náið með umsjónarkennara, stuðningsfulltrúa, foreldrum og deildarstjóra sérkennslu.

Kennslan:

Sérkennari hvers bekkjar skipuleggur nám nemenda með sérþarfir og sér um kennsluna. Stuðningsfulltrúi fylgir oft nemendum með sérþarfir í kennslustundum og vinna þeir undir leiðsögn sérkennara, umsjónarkennara eða stjórnenda eftir því sem við á. Stuðningsfulltrúi fylgir nemendum með sérþarfir í verklegar greinar sé þess þörf.

Einstaklingsmiðað nám:

Deildarstjóri sérkennslu og aðrir sérkennarar skólans útbúa einstaklingsnámskrá fyrir nemendur. Einstaklingsnámskráin er unnin í samvinnu við umsjónarkennara og foreldra. Í námskránni koma fram bakgrunnskupplýsingar, sá stuðningur sem nemandinn fær, markmið kennslunnar, námsmat, viðmiðanir og mat og hvaða námsefni er unnið með. Námskráin skal undirrituð af foreldrum. Í einstaklingsnámskrám skulu markmið beinast að því að efla færni nemandans á öllum sviðum, jafnt bóklegum, verklegum sem og félagslegum.

Hjálpartæki:


Mikilvægt er að nýta öll þau hjálpartæki sem standa nemendum til boða. Má þar nefna tölva, forrit, heyrnarhlífur, hljóðbækur og fleira. Sérkennari þarf að vera ráðgefandi til foreldra varðandi úrræði sem nýtast nemanda við nám og þjálfun. Ávallt er leitast við að útvega þann búnað sem hentar nemendum í samráði við skólayfirvöld og foreldra.

Samstarf innan veggja skólans:

Fundir um málefni einstakra nemenda eru haldnir reglulega. Má þar nefna fundi um einstök mál þar sem leitað er lausna um einstök mál og nemendaverndarfundi en á þeim sitja skólastjórar, deildastjóri sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, fulltrúi kennara, fulltrúi félagsþjónustu Fjarðabyggðar og skólasálfræðingur. Á þeim fundum er farið yfir mál einstakra nemenda, þeim vísað til frekari úrvinnslu og úrræða leitað. Aðrir sérfræðingar og umsjónarkennarar eru kallaðir inn eftir þörfum.

Samstarf og ráðgjöf fagaðila:

Fyrir liggur skimunaráætlun skólans sem deildarstjóri sérkennslu heldur utan um. Áætlunin er í samræmi við skimanir á vegum Skólaskrifstofu Austurlands og kennsluráðgjafar aðstoða skólann við fyrirlögnina. Markmið skimana er að kanna stöðu nemenda og finna þá sem að einhverjum ástæðum glíma við erfiðleika í námi svo hægt sé að bregðast við á viðeigandi hátt. Oft er þörf á einstaklingsgreiningu í kjölfar skimunar innan bekkjar og hún er í höndum

Hugrökku  er ekkert ómögulegt




Grunnskóli Reyðarfjarðar



sérkennara eða kennsluráðgjafa Skólaskrifstofu Austurlands. Niðurstöðum skal skilað á fundum með foreldrum, umsjónarkennara, sérkennara/stuðningsfulltrúa og öðrum fagaðilum sé þess þörf. Á fundinum er veitt ráðgjöf til foreldra og kennara varðandi hamlanir og styrkleika barnsins. Hægt er að vísa í nánari greiningu til sérfræðinga á vegum Skólaskrifstofu Austurlands og þá þarf að fylla út beiðni um greiningu eða ráðgjöf. Oft er er nauðsynlegt að leita til annarra fagaðila s.s. Greiningarstöðvar, barna- og unglunga geðlæknis og talmeinafræðings. Deildastjóri sérkennslu er tengiliður við fagaðila utan skólans. Fundargerð skal ávallt gera á skilafundum og skrá þar ákvarðanir um úrræði og úrvinnslu. Fundargerð skal geyma í persónumöppu barnsins.

Félagsleg þátttaka:

Grunnskóli Reyðarfjarðar er Olweusar skóli og vinnur samkvæmt eineltisáætlun. Jafnframt er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar sem miðar að því að gera nemandann ábyrgan fyrir námi sínu og hegðun. Umsjónarkennarar eru vakandi hverju sinni yfir félagslegum tengslum nemenda. Tengiliðir foreldra í hverjum bekk sjá um félagsleg samskipti utan skólatíma nokkrum sinnum á ári. Nemendur sem standa höllum fæti félagslega er liðsinnt um vinatengsl t.d með viðtölum við náms- og starfsráðgjafa. Gerðar eru reglulegar tengslakannanir í bekkjum. Eineltisteymi er virkjað í málum barna sem eru einangruð eða eru talin lögð í einelti. Nemendur fá félagsfærniþjálfun sé þess þörf. Reglulegir fundir með foreldrum og ráðgjöf til þeirra, stuðla einnig að því að barn nái að fóta sig félagslega. Önnur félagstengsl utan skóla er í höndum foreldra hvers barns.

Hugrökku  er ekkert ómögulegt

